

Hús í glugga, bustabær

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið verkefnisins er að kynna nemendum bustabæi og þann gamla byggingastíl, nýta gamalt efni í nýjan hlut, vinna með þrívídd og þjálfaleikni í vali á aðferðum og auka hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Samþætting, smíði, list- og verkgreinar, samfélagsfræði, saga og stærðfræði.

Aldur: Yngsta stig og miðstig.



VERKLÝSING

Kveikja: Umfjöllun um bustabæi og torfbæi, hvers konar híbýli voru þetta og hvenær þuggu Íslendingar í slíkum húsum? Sérstaklega er gaman ef hægt er að tengja verkefnið við ferð á Árbæjarsafn, í Glaumbæ í Skagafirði, Keldur á Rangárvöllum, Laufás við Eyjafjörð, Bustarfell í Vopnafirði eða aðra slíka staði.

Þrjár mislangar fjalir/spýtur eru sagaðar í spíss á öðrum endanum til að búa til bust eða þak-halla. Gott er að mæla fyrir miðjunni fyrst og ákveða hversu langt niður með hliðunum beggja vegna á að saga. Teikna línur og saga eftir þeim. Þússa spýturnar vel. Fallett er að nota börk af lerki til dæmis til að útbúa þakskífur. Þá þarf að bora í gegnum börkinn og líma eða skrúfa skífurnar ofan á spísslagaðar fjalirnar til að festa. Nóg er að líma ef fingerður og léttur börkur er notaður. Því næst þarf að leggja spýturnar hlið við hlið og mæla fyrir þremur götum á sama stað á þeim fyrir bandið eða vírinn sem festir þær saman (sjá mynd). Binda má saman með vír, basti eða garni. Loks má teikna hurðir og glugga á húsin. Nýta má þrívíða hönnunina og teikna á allar hliðar. Brennimerkja og muna að merkja áður en húsin eru yfirborðsmeðhöndluð með lakki eða vaxi.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Afgangsefni af pallaefni, furuborð eða annað nógu svert efni til að geta staðið upp á endann. Stærð fer eftir notkun, hvort húsin eiga að standa í gluggakistu til dæmis eða hvort við viljum búa til mun stærri hús sem geta staðið á gólfi. Þá er líka gott að nota breiðara og þykkra efni. Ef notað er eldra afgangsefni er gott að byrja verkefnið á að hefla fjalirnar með handheflum til að fá fallega áferð.

Sagir, handhefill, borvél, skrúfur, lím, brennipenni, sandpappír, vír, band eða bast. Lakk eða vax til yfirborðsmeðhöndlunar.